

# FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað. Júní 2006. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason

## ■ Kjarakönnun FBM og SI niðurstaða

Niðurstaða úr kjarakönnun FBM og SI hefur verið send til félagsmanna. Jafnframt er hægt að nálgast niðurstöður á fbm.is

Athygli vekur að laun í prentiðnaði hafa hækkað að meðaltali um 10% á milli ára, launamunur kynjanna minnkar, 1 af hverjum 10 fær laun alfarið skv. kauptaxta og fjölgun er í hópi þeirra sem rætt hafa laun við yfirmann sinn.

Það er hins vegar áhyggjuefni að þeim fækkar sem taka þátt í kjarakönnuninni og hefur það í för með sér að ákveðnir hópar falla út í niðurstöðum þ.e. úrtakið fer undir 8 í nokkrum hópum. Því hvetjum við alla félagsmenn til að taka þátt í næstu könnun sem gerð verður að ári liðnu.

## ■ Júlíuppbót FBM - SA

Skv. kjarasamningi FBM og SA. Pann 1. júlí og eigi síðar en 15. júlí ár hvert skal fastráðnu starfsfólki, sem unnið hefur 1 ár, greidd júlíuppbót **kr. 22.400** á útreiknings-tímabilinu sem hefst 1. júlí 2006.

## ■ Orlofsuppbót FGT - SÍA

Starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfinu síðustu viku apríl eða í fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst ár hvert fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót **kr. 16.900**.

Orlofsuppbót miðast við að starfsmaður hafi unnið hjá viðkomandi atvinnurekanda í a.m.k. 12 vikur á orlofsárinu.

## ■ IÐAN – fræðslusetur ehf.

Pann 3. maí s.l. var IÐAN - fræðslusetur formlega stofnuð. Prenttæknistofnun er aðili að stofnun Iðunnar ásamt Fræðsluráði málmiðnaðarins, Menntafélagi bygginga-iðnaðarins og Fræðsluráði hótél- og matvælagreina.

Undanfarin tvö ár hefur verið samstarf meðal fræðslu-

miðstöðvanna á Hallveigarstíg 1. Nú er stigið það skref að sameina þær í eitt fyrirtæki með fjögur svið. Hver faggrein sér áfram um sína grein og verður PTS - prent, miðlunar- og upplýsingatæknisvið. Breytingin á fyrst og fremst að skila sér í öflugri starfsemi án þess að koma niður á starfsemi sem greinarnar hafa hingað til staðið fyrir.

Á stofnfundinum skrifuðu hluthafar undir samstarfs-samning sem hefur m.a. eftirfarandi meginmarkmið og framtíðarsýn:

Tilgangur Iðunnar er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna þeirra atvinnugreina sem að henni standa með því að;

- styðja við og starfrækja sí-, endurmenntun og meistaranám;
- taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum um hæfni í iðnaði og iðnmenntun;
- leiða samskipti við stjórnvöld um fræðslumál greinanna.

Hluthafar eru sammála eftirfarandi framtíðarsýn félagsins til ársins 2010:

- Atvinnulífið lítur upp til Iðunnar og sækist eftir samstarfi við hana.
- Fyrirtæki í iðnaði gera ráð fyrir starfsemi Iðunnar við uppbyggingu eigin starfsmannastjórnunar.
- Mikil sókn er í iðnnám, iðnmenntun nýtur virðingar og námsframboð hefur aukist.
- Mikil eftirspurn er eftir þjónustu Iðunnar sem býður fjölbreytt nám á framhalds- og háskólastigi.
- Iðan greinir stöðugt þarfir iðnaðarins fyrir þekkingu starfsmanna.
- Iðan er leiðandi í menntun á evrópska vísu.
- Iðan annast þróunarstarf fyrir menntamálaráðuneytið í iðn- og tæknimenntun.

## OPNUNARTÍMI Á SKRIFSTOFU

Skrifstofa FBM verður opin frá kl. 8.00 - 16.00 virka daga frá 1. júní - 31. ágúst

Sími umsjónarfólks í Miðdal 894 1169 og 486 1169

- Iðan annast ráðgjöf í fyrirtækjum, aðstoðar við að móta menntastefnu þeirra og starfsþróun.
- Iðan gefur út hæfnisvottorð sem tryggja faglega hæfni og þekkingu starfsmanns.

Upplýsingatorg Iðunnar veitir upplýsingar um iðnnám og símenntun iðnaðarmanna og framhaldsnám.

Hluthafar eru: Félag bókagerðarmanna, MATVÍS, Samiðn, Samtök iðnaðarins og Samtök ferðabjónustunnar

## ■ Aðalfundur FBM fór fram

**25. mars s.l. á Grand hótél í Reykjavík**

**Stjórnarskipti fóru fram en í stjórn FBM 2006 – 2007 eru eftirtaldir og hafa skipt með sér verkum:**

Georg Páll Skúlason, formaður

Bragi Guðmundsson, varaformaður, Skyndiprent

Oddgeir Þór Gunnarsson, Prentmet

Páll Reynir Pálsson, gjaldkeri, Oddi

Pétur Ágústsson, ritari, Oddi

Stefán Ólafsson, Morgunblaðið

Þorkell S. Hilmarsson, Kassagerðin

## ■ Ritstjóri Prentarans

Jakob Viðar Guðmundsson

## ■ Lagabreytingar

Helstu breytingar sem gerðar voru á reglugerð Sjúkrajóðs bókagerðarmanna voru eftirtaldar, nýr texti í grein er rauður:

7. gr. Styrkir úr sjóðnum skulu vera sem hér segir:

b) Styrkur greiðist í allt að tvö ár (104 vikur) til sjóðfélaga sem á í samfelldum veikindum, sbr. 2. grein. Upphæð styrksins miðast við þann iðgjaldsstofn sem greitt hefur verið af til sjóðsins vegna sjóðfélagans síðustu sex mánuði, sbr. 4.gr. og 5.gr. Styrksupphæð reiknast af grunni sem finnst með því að deila með 26 í iðgjaldsstofninn.

1. Fyrstu 26 vikurnar greiðist 80% af grunni á viku.

2. Næstu 78 vikurnar greiðist 50% af grunni á viku.

3. **Mánaðarleg greiðsla getur þó ekki verið hærri en 450.000 á mánuði.**

Eftir að greiðslur hefjast skal styrkþegi njóta sambærilegra hækkana og koma á kauptaxta félagsins hverju sinni.

c) Styrkur greiðist í allt að 30 daga á hverju 12 mánaða tímabili skv. 7 grein b) lið vegna veikinda barna enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra. **Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.**

d) Dagpeninga í 90 daga, skv. 7 grein b) lið að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. **Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.**

(Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. (Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.)

e) Dagpeninga í 90 daga skv. 7 grein b) lið vegna mjög alvarlegra veikinda maka. **Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.**

Á fundinum var Sæmundi Árnasyni færðar þakkir fyrir starf í þágu félagsins í tilefni af því að 40 ár eru liðin frá því hann var kosinn í sína fyrstu nefnd sem var skemmti-nefnd Hins íslenska prentarafélags.

Nánari upplýsingar um aðalfund FBM er að finna á [fbm.is](http://fbm.is)

## ■ Nýtt orlofshús í Miðdal

Í sumar tekur FBM nýtt orlofshús í notkun í Miðdal. Orlofshúsið kemur í stað orlofshúsa nr. 2 og 3 sem hafa þjónað félagsmönnum undanfarin 20 ár. Húsið er 82 m<sup>2</sup> að stærð og búið öllum helstu þægindum s.s. potti.

## ■ Tjaldsvæðið í Miðdal

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér tjaldstæðið í Miðdal í sumar. Verð er kr. 1000 fyrir fyrstu nótt og kr. 500 fyrir hverja nótt eftir það.

Góð aðstaða er fyrir hópa, rafmagn fyrir tjaldvagna og fellihýsi og glæsileg leikaðstaða fyrir börnin.

Minigolf var tekið í notkun síðasta sumar. Golfvöllur er á staðnum. Margar góðar gönguleiðir eru í Miðdal.

Hafið samband við umsjónarmann áður en tjaldað er.

Sími umsjónarfólks í Miðdal 894 1169 og 486 1169

## ■ Golf í Miðdal

Golfklúbbur Dalbúa í Miðdal hvetur félagsmenn í FBM til að gerast virkir félagsmenn í klúbbnum.

Nánari upplýsingar um verð á vefsíðu [www.fbm.is](http://www.fbm.is)

**Félagsmenn FBM fá 33% afslátt af vallargjaldi gegn framvísun félagsskírteinis.**

## MIÐDALSMÓTIÐ 2006 GOLFMÓT FBM

Laugardaginn 12. ágúst n.k. verður golfmót FBM haldið á golfvelli Dalbúa í Miðdal  
**MÓTIÐ ER OPIÐ ÖLLUM  
STARFSMÖNNUM Í PRENTIÐNAÐI**

**NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR**